

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2011
2011040011

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, 648. mál.

Við, undirrituð forstöðumenn og starfsmenn höfuðsafnanna þriggja, fulltrúar safnaráðs, FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM, tökum undir öll meginatriði í nýjum frumvörpum og fögnum nýju lagaumhverfi. Við teljum að breytt lagaumhverfi muni stuðla að mikilvægum framfaraskrefum á sviði safnastarfs og minjavörslu og skýra hlutverk stofnana. Við bindum vonir við að löggin taki gildi í ársbyrjun 2012.

Nokkrar ábendingar fylgja hér um atriði sem við teljum að geti verið til bóta varðandi frumvörpin til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Tillögur að orðalagsbreytingum eru auðkenndar hér fyrir neðan, með breiðletri þar sem um viðbætur er að ræða, en yfirstrikun þar sem það á við. Rökstuðningur er í hornklofa þar sem það á við.

Þskj. 1150 – 139.lp, 648. mál - Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Ísland

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og **rannsaka** og miðla sögu þjóðarinnar. [Afar mikilvægt er að undirstrika rannsóknahlutverk safna].

II. kafli, 3.gr.

a. varðveislu íslenskra menningarminja og **rannsaka** og miðla sögu þjóðarinnar. “[Afar mikilvægt er að undirstrika rannsóknahlutverk Þjóðminjasafns Íslands].

c. liðnum verði skipt í tvennt þar sem rannsóknir verði tilgreindar í eigin lið. [Kynning og miðlun getur aldrei komið til nema undan fari rannsóknir.] **c. verði: rannsaka menningarminjar og óáþreifanlegan menningararf.**

i. halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta **þegar tilefni er til.** [annað væri óraunhæft].

II. kafli, 4.gr.

....úttak tölvugagna, **forvörslu aðra en þá sem bundin er í lögum, -sérfræðilega.....** [mikilvægt í ljósi reynslunnar].

III. kafli, 8. gr.

Þjóðminjasafn Íslands varðveitir aflagða **friðaða** kirkjugripi og þá gripi sem safnið og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. [mikilvægt að þetta ákvæði eigi eingöngu við friðaða kirkjugripi, annað gæti skapa vanda].

f.h. Þjóðminjasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, safnaráðs, FÍSOS, og Íslandsdeildar ICOM.

Með vinsemd og virðingu

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður og formaður safnaráðs
Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands
Helgi Torfason, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands
Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður FÍSOS og fulltrúi safnaráðs
Ágústa Kristófersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra safnaráðs
Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs
Jenný Lind Egilsdóttir, fulltrúi sambands íslenskra sveitarfélaga í safnaráði
Ólöf Sigurðardóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM